

Reglugerð um heiðursviðurkenningar Í.F. Völsungs:

1.grein.

Stjórn Í.F. Völsungs skal veita þeim sem unnið hafa af atorku og dugnaði að vexti og viðgangi íþróttastarfsemi á Húsavík heiðursviðurkenningu eftir því sem segir í reglugerð þessari.

2.grein.

Heiðursviðurkenningarnar eru þessar:

- a) heiðursmerki úr silfri
- b) heiðursmerki úr gulli

3. grein.

Aðalstjórn félagsins gerir tillögu um veitingu heiðursmerkja og þarf samþykki $\frac{3}{4}$ hluta stjórnar.

4.grein.

Silfurmerki félagsins er veitt fyrir frábær störf í þágu félagsins en þó aldrei fyrr en eftir 15 ára starf.

Gullmerki félagsins er veitt fyrir frábær störf í þágu félagsins en þó aldrei fyrr en eftir 25 ár starf.

5.grein.

Merkin skulu afhent á aðalfundi Völsungs eða við hátíðleg tækifæri.

6.grein.

Aðalstjórn Völsungs skal halda gerðarbók þar sem skrá skal handhafa heiðursviðurkenninga Völsungs